

## AUGLÝSING um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt eftirfarandi breytingar á deiliskipulagi:

1. *Hagaflöt 18 – óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.*  
Gert er ráð fyrir að hámarkslengd bílskúrs við lóðarmörk verði 7,5 m. Heimilt er að reisa viðbyggingu aftan við bílskúr 0,5 m frá lóðarmörkum.
2. *Stekkjarflöt 22 – óveruleg breyting á deiliskipulagi Flata.*  
Gert er ráð fyrir stækjun byggingarreits að húsabaki.
3. *Kauptún 4 – óveruleg breyting á deiliskipulagi Kauptúns.*  
Gert er ráð fyrir því að ákvæði um hraunhól við suðausturhorn byggingar Kauptúns 4 verði fellt úr gildi og í þess stað gert ráð fyrir bílastæðum fyrir rafbíla með hleðslustöðvum.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlutið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 6. september 2016.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 9. september 2016